

Lokaskýrsla vegna styrks úr kennslumálasjóði vor 2019

Heiti verkefnis: Listasafn Háskóla Íslands. Kennslutæki, rannsóknir, miðlun og varðveisla
Viðfangsnúmer: 1330-133114

Nafn umsækjanda: Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði HÍ

Nafn meðumsækjanda: Kristján Steingrímur Jónsson, forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands.

Styrkupp hæð: 500.000

Verkefnið nýtist í eftirfarandi greinum og námsleiðum:

Listfræði, Sýningargerð, miðlun og sýningarstjórnun.

Námskeiðinu LIS805F Sýningargerð og sýningarstjórnun.

Verkefnið nýtist jafnframt sem athugun á mögulegri notkun á Listasafni Háskóla Íslands sem kennslutæki í umræddum námsleiðum í samstarfi við aðrar námsleiðir og greinar innan skólans, svo sem safnafræði og hagnýta menningarmiðlun.

Verkefnið markar því upphaf að nýtingu Listasafns Háskóla Íslands sem kennslutækis innan skólans.

Tilgangur og markmið ferðarinnar var að kynna skipulagi, fræðslu, þverfaglegum rannsóknum, safneign, byggingum og sýningarsölum tveggja framsækinna háskólastasafna í Bandaríkjunum.

1) **Florida State University Museum of Fine Arts**, Tallahassee í Flórída

<http://mofa.fsu.edu/>

2) **The Yale University Art Gallery**

<https://artgallery.yale.edu/>

Framkvæmd:

Dagskrá: Ferð til Bandaríkjanna 10. – 19. apríl (ferðadagar meðtaldir)

11. – 13. apríl: Florida State University Museum of Fine Arts

Safnið: The Florida State University Museum of Fine Arts is the largest art museum in the Big Bend accredited by the American Association of Museums, with 9,000 square feet of exhibition space and a permanent collection of more than 6,000 objects. The permanent collection includes important artworks by historical and contemporary artists with recent gifts of such notable artists as Judy Chicago, Trevor Bell, and Andy Warhol. Annual visitor attendance has exceeded 58,000 in recent years, including more than 8,400 K–12 students for in-school visits, museum tours and education events.

11. apríl

Vinnudagskrá undir stjórn Preston McLane, safnstjóra Florida State University Museum of Fine Arts. Meredith Lynn (director of galleries) tók einnig þátt í dagskránni. Þau eru bæði nýkomin til starfa og eru miklar breytingar framundan á starfssemi safnsins.

Safnið er til húsa á háskólasvæðinu
530 West Call Street
Tallahassee, Florida 32306-1140

Fyrir hádegi : Fundur með forstöðumanni safnsins Preston McLane þar sem hann sagði frá starfsemi safnsins og hlutverki þess innan háskólans. Hann greindi frá samvinnu á milli greina og stofnanna innan og utan skólans.

Umræðuefni: “Integrating Museum collections into classroom and studio teaching, and the creative staging of art works in non-traditional exhibition settings on campus (i.e., pop-up shows, art in academic spaces).“

Auk þess var rætt um ýmis þverfagleg tilraunaverkefni í rannsóknum sem safnið stendur að í samvinnu við listfræði og nám í sýningarstjórnun innan skólans. Rætt um möguleika á samstarfi á milli skólanna og lán á verkum.

Næsta stóra sýning safnsins verður helguð íslenskri myndlist, en Preston McLane kom til Íslands í desember 2018 og ræddi við Kristján Steingrím Jónsson vegna þessa verkefnis. Mikil endurskoðun stendur yfir á rekstri safnsins, auk þess sem aðstaða til sýninga verður endurgerð.

Geymslur voru skoðaðar. Þær eru nokkuð gamaldags og byggingin á við lekavandamál að stríða vegna loftkælingarkerfa. Geymslumál eru því í endurskoðun. Safnið tekur á móti stórum gjöfum og verið var að skrá eina slíka með aðstoð nemanda í meistaranámi í listfræði.

Eftir hádegi:

Gagnagrunnur og skráningar:

Elizabeth McLendon ritstjóri skráningar kynnti gagnagrunninn og skráningarkerfi safnsins. Farið yfir tæknilegar lausnir í FileMaker kerfinu sem er samskonar skráningarkerfi og Listasafn Háskólans notar. Skoðað hvernig verk eru skráð og hvernig upplýsingar um verkin eru gerðar aðgengilegar fyrir kennslu og rannsóknir.

Sýningar:

Meredith Lynn sýningastjóri safnsins

Fundur um almenna starfsemi safnsins. Rætt um áherslur í sýningarhaldi og hvernig gerð sýninga er tengd við kennslu og rannsóknir innan Florida State University. Greint frá samvinnu við önnur söfn í Flórída og við myndlistardeild skólans meðal annars um sýningar á útskriftarverkefnum nemenda á BA og MA stigi sem eru haldnar árlega í safninu. Þá var fylgst með sýningu sem nemendur höfðu unnið og voru að setja upp í safninu undir handleiðslu kennara.

Kvöldverður í boði styrktaraðila háskólistasafnsins og einkasafn hans skoðað.

12. apríl

Gengið um háskólasvæðið og skoðað hvernig listaverk úr safneign eru sýnd í byggingum háskólans. Sýningarrými er í tveimur byggingum, stærra rýmið er í sérstakri safnabyggingu frá því um 1970, en nýtt rými hefur verið innbyggt í nýrri byggingu sem hefur einnig að geyma skrifstofur kennara, kennslustofur, sameiginleg rými kennara og nemenda og bókasafn.

Farið yfir staðsetningar verka á veggjum, merkingar skoðaðar og rætt um öryggismál í opnum rýmum.

Kynning á nemendagalleríi sem er staðsett á áberandi stað við fjölfarna gönguleið innan skólans. Salurinn er að hluta til með glerveggjum og því vel sýnilegur gestum og gangandi. Salurinn er notaður til að tengja saman kennsluverkefni í myndlist og hönnun, sýningarstjórnun og listfræði.

Veturinn 2019 – 2020 er áformuð sýning á íslenskri myndlist (málverk og vídeóverk) í Florida State University Museum of Fine Arts. Safnið hefur óskað eftir að fá lánuð verk til sýningarinnar úr safneign Listasafns Háskóla Íslands. Preston McLane, safnstjóri, heimsótti Listasafn Háskóla Íslands í desember sl. í þeim tilgangi að kynna sér safneign þess.

13. apríl: ferðadagur.

14. – 15. apríl. Tíminn notaður til að skoða söfn og sýningar í New York.

16. apríl: MET, New York. Fundur með Pari Stave, sýningarstjóra í Department of Modern and Contemporary Art at the Metropolitan Museum/educational department. Pari Stave hefur unnið með mörgum íslenskum listamönnum, og er m.a. einn af sýningarstjórum sýningar Ragnars Kjartanssonar, sem nú stendur yfir í MET. Hún þekkir vel til aðstæðna á Íslandi. Hún hefur m.a. verið ráðgjafi hjá Kynningamiðstöð íslenskrar myndlistar. <https://www.metmuseum.org/about-the-met/curatorial-departments/modern-andcontemporary-art/staff-list>

17. – 18. apríl: Yale University Art Gallery , New Haven

The Yale University Art Gallery er elsta háskólasafn á Vesturlöndum, stofnað 1832. Því er dreift í nokkrar byggingar. Safneignin er um 200.000 verk og gripir.

Tengiliður var Liliana Milkova, Nolen Curator of Education and Academic Affairs.

Sérgrein hennar er: Education Department, academic museums and teaching with collections across disciplines.

Þátttakendur í dagskránni voru einnig:

Theodore, Molleen, Associate Curator of Programs; Jessica Sack, en hún er Jan and Frederick Mayer Senior Associate Curator of Public Education ; Sydney Skelton Simon, the BradleyAssistant Curator of Academic Affairs ; Emily Arensman, sýningarstjóri hjá Yale University Art Gallery.

17. apríl: The Yale University Art Gallery: safneignin skoðuð auk þess sem Yale Center for British Art var einnig heimsótt.

Áhersla lögð á að skoða hönnun sýninga og upphengi verka í sölum, framsetning upplýsinga um verk og merkingar á veggjum fyrir sýningagesti.

<https://artgallery.yale.edu/>

<https://britishart.yale.edu/>

18. apríl

Fundur um sýningarstarfsemi safnsins. Sérstaklega var hugað að hvernig megi stuðla að aukinni þátttöku og virkni nemenda, starfsfólks og þverfaglegu samstarfi innan skólans og nýtingu safneignar við kennslu. Rætt um val og áherslur á sýningum og samvinnu safnsins við listfræðikennslu og rannsóknir. Vilji til að bjóða nemendum í listfræði og safnafræði í HÍ í starfsnám.

Sérstök ferð í úthverfi New Haven þar sem geymslur safnsins eru staðsettar. Þær skoðaðar með sérfræðingi frá safninu, Emily Arensman. Hún dró m.a. fram íslensk verk í eigu safnsins, eftir Dieter Roth og eitt frægasta verk Finns Jónssonar, *Kona við spilaborð*, sem er í eigu safnsins. Það var keypt árið 1926 af hinum framsæknu samtökum Collection Société Anonyme, en það voru samtök listamanna stofnuð árið 1920 af Katherine Dreier, Man Ray og Marcel Duchamp. Verkið hefur einu sinni verið lánað til Listasafns Íslands.

<https://artgallery.yale.edu/collections/objects/44068>

19. apríl: Söfnin *Museum of Fine Arts* og *Isabella Stewart Gardner Museum* skoðuð í Boston. Flogið til Íslands um kvöldið.

Ávinningur:

Heimsóknin sýndi að viðhorf til íslenskrar myndlistar hefur gjörbreyst í Bandaríkjunum á sl. árum. Þess vegna er áhugi fyrir íslenskri myndlist og þennan áhuga mætti nýta til að skapa tengingar, nemendaskipti og jafnvel brydda upp á samstarfsverkefnum.

Bæði söfnin sem heimsótt voru hafa afar sterka stöðu, hvort á sínu sviði, sem að sjálfsögðu er ekki sambærileg við stærð og stöðu Listasafns HÍ. En þrátt fyrir það, þá var ávinningur af heimsókninni mikill.

Samanburður, einkum við The Florida State University Museum, sýndi að Listasafn HÍ er að glíma við svipaðar spurningar og svipuð vandamál, þótt á öðrum skala sé. Söfnin geta því deilt reynslu og þekkingu sín á milli.

Nemendagalleríið í Flórída gæti verið mikilvæg fyrirmynd þess sýningarrýmis sem Listasafn HÍ myndi vilja fá í einum af þeim nýbyggingum sem nú er verið að reisa á háskólasvæðinu. Tengsl safnsins við listsafnara eru einnig til fyrirmyndar fyrir listasafn HÍ, sem safnið hefur mikinn hug á að þróa.

Það var mjög vel tekið á móti okkur og við fengum að sjá það sem við óskuðum eftir. Næstu skref er að viðhalda þeim tengslum sem stofnað var til. Áætluð sýning á íslenskri myndlist í The Florida State University Museum opnar vettvang til frekara samstarfs.

Hugmyndir að sýningarsamstarfi voru lauslega ræddar við viðkomandi aðila í The Yale University Art Gallery, og þeim verður fylgt eftir. Þær gæti verið í formi smærri rannsóknarsýninga eða / og nemendaskipta.

Niðurstaða:

Listasafn HÍ býr yfir miklum möguleikum sem þarf að nýta bæði á heimavelli og á alþjóðavísu. Þess vegna er mikilvægt að kynna betur og auka sýnileika safneignar Listasafns HÍ, m.a. í gengum gagnagrunn á netinu og útgáfu, en slík kynning gæti verið næsta skrefið í áframhaldandi samstarfi við þá aðila sem heimsóttir voru.